

Alþingi  
Erindi nr. P 140/601  
komudagur 1.12.2011



Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. nóvember 2011  
Tilvísun: 2011110038  
EBJ/BH  
Tilv. ykkar: Tölvupóstu dags. 17.11.2011

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 106. mál.**

Lögð hefur verið fram þingsályktunartillaga á Alþingi um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs. Ekki kemur fram í tillögunni hver mörk þjóðgarðsins gætu orðið.

Austan og vestan Hofsjökuls liggja tveir stofnvegir á hálendi, F26 Sprengisandsleið og 35 Kjalvegur. Að auki eru landsvegir eins og F752 Skagafjarðarleið og F821 Eyjafjarðarleið í nágrenni Hofsjökuls. Í skilgreiningu þjóðvega í vegalögum nr. 80/2007 eru m.a. skilgreindir stofnvegir á hálendinu sem eru mikilvægir fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Tengivegir eru m.a. skilgreindir sem vegir utan stofnvegakerfisins sem eru mikilvægir fyrir flutninga og ferðaþjónustu sem og vegir að þjóðgörðum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis.

Það er ljóst af framansögðu að löggjafinn leggur ýmsar skyldur á herðar Vegagerðinni á hálendinu um að sinna þörfum ferðaþjónustunnar. Það er einnig ljóst að ferðaþjónustan skiptir æ meira máli í íslenskum þjóðarbúskap. Hún er um þessar mundir helsti vaxtarbroddur í íslensku efnahagslífi. Þeirri staðreynd fylgir sú skylda að þeim erlendum ferðamönnum sem sækja Ísland heim sem og innlendum ferðamönnum sé boðið upp á sæmilega örugga vegi og umhverfi. Það er einnig nauðsynlegt að almennum ferðamönnum sé boðið upp á þokkalega gott aðgengi að helstu náttúruperlum hálendisins.

Vegagerðin leggur því áherslu á að við hugsanlega stofnun Hofsjökulspjóðgarðs verði sett inn rúm ákvæði um uppbyggingu stofnveganna á hálendinu. Unnt verði að byggja upp þokkalega greiðfæra og umfram allt örugga vegi á Kjalvegi og Sprengisandsleið. Gæta þarf að því að unnt verði að hafa gott samræmi í hönnun veganna þannig að öikumönnum verði ekki komið á óvart með stökum kröppum blindhæðum og blindbeygjum. Reynslan sýnir að slíkir vegir eru hættulegastir allra vega fyrir hina almennu vegfarendur, sérstaklega þá sem ekki þekkja til aðstæðna. Á sama hátt þarf að vera unnt að halda landsvegunum í sæmilega þokkalegu horfi með viðhaldi og endurbótum.

Vakin er ennfremur athygli á að samkvæmt vegalögum er Vegagerðin veghaldari allra þjóðvega með fullt forræði yfir vegunum sem ekki er unnt að takmarka.

Virðingarfyllst,



Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri